



Grænt bókhald

Skýrsla 2008

Efnisyfirlit

Staðfesting stjórnar	bls. 3
Áritun endurskoðenda	bls. 4
Inngangur	bls. 5
Almennar upplýsingar um fyrirtækið	bls. 6
Hlutverk Efnamóttökunnar hf.	bls. 7
Umhverfismál Efnamóttökunnar hf.	bls. 8
Breytur um auðlindanotkun í grænu bókhaldi	bls. 9
Lokaorð	bls. 10

Efnamóttakan hf.

kt. 691298 – 2729

Flokkur 5

Gufunesi

112 Reykjavík



Staðfesting stjórnar

Stjórn Efnamóttökunnar hf. samþykkti umhverfisstefnu 10. október 2003 til að skýra áherslur fyrirtækisins í umhverfismálum. Umhverfisstefnan hefur verið höfð að leiðarljósi í starfsemi fyrirtækisins.

Skráning græns bókhalds er einn hlekkur í því að fylgjast með þeim þáttum í starfsemi fyrirtækisins sem hafa á áhrif á umhverfið og setja sér ný markmið í umgengni okkar um umhverfi og auðlindir.

Starfsemi fyrirtækisins var með venjubundum hætti á árinu 2008.

Framkvæmdastjóri Efnamóttökunnar hf. staðfestir hér með fyrir hönd stjórnar skýrslu um grænt bókhald.

Jón H. Steingrímsson
framkvæmdastjóri

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Efnamóttökunnar hf.

Við höfum endurskoðað skýrslu um grænt bókhald Efnamóttökunnar hf. fyrir árið 2008 en hún hefur að geyma yfirlýsingu framkvæmdastjóra, yfirlit um orku og hráefnanotkun ásamt upplýsingum um umhverfismál félagsins. Skýrslan er lögð fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á skýrslunni á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald. Samkvæmt henni ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægileg víska fáið um að tölur sem gefnar eru upp í skýrslunni séu réttar og í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins. Endurskoðunin felur í sér athuganir á gögnum í fjárhagsbókhaldi til að sannreyna að fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum séu í samræmi við skýrslu um grænt bókhald. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að skýrsla um grænt bókhald sé í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins á árinu 2008, og aðrar upplýsingar sem í henni koma fram séu rétt fram settar.

Reykjavík, 30. apríl 2009

Grant Thornton endurskoðun ehf.



Theodór Sigurbergsson
löggiltur endurskoðandi



Inngangur

Færsla á grænu bókhaldi er eitt af því verkefnum sem fyrirtækinu ber að færa og gera skil á og hvert skipti er litið yfir farinn veg og til framtíðar og árið 2008 urðu ekki afgerandi breytingar hjá fyrirtækinu hvorki í starfsemi né í umhverfismálum fyrirtæksins.

Grænt bókhald er verkfæri til að halda utan um ákveðna umhverfispætti og skoða niðurstöður hverju sinni og setja sér ný markmið.

Efnamóttakan hf., þjónustar viðskiptavini meðal annars með því að reka söfnunarþjónustu með því að sækja til þeirra úrgang. Bifreiðar sem notaðir eru í þetta verkefni ganga fyrir bensíni og metangasi og er aðal áherslan lögð á að nota metangas.

Efnamóttakan hf., var stofnuð 17. desember 1998. Fyrirtækið er í leiguhúsnæði í eigu SORPU bs., og eru mengunarvarnir að hluta sameiginlegar, t.d. varðandi safnþró. Einnig er kalt vatn á sameiginlegri lögn.

Í skýrslunni eru almennar upplýsingar um fyrirtækið, hlutverk þess og sagt frá því hvernig umhverfismálum er háttað.



Almennar upplýsingar um fyrirtækið

Starfsleyfi

Gildistími fyrir starfsleyfið sem Umhverfisstofnun gefur út er til 1. febrúar 2016 og er það endurskoðað á 4. ára fresti. Eftirlitsaðili er Umhverfissvið Reykjavíkur.

Fyrirtækið Efnamóttakan hf.,

Efnamóttakan hf., var stofnuð þann 17. desember 1998. Heimilisfang Efnamóttökunnar hf. er Gufunes 112 Reykjavík.

Eigendur eru:

- Fura ehf.
- Gámaþjónustan hf.

Stjórn er þannig skipuð:

- Elías Ólafsson
- Haraldur Ólason
- Gunnar Bragason
- Sveinn Hannesson
- Úlfar Haraldsson

Framkvæmdastjórinn, Jón H. Steingrímsson, starfar í umboði stjórnar á milli stjórnarfunda.

Stöðugildi hjá Efnamóttökunni hf.,

Meðalföldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf var 18 á árinu.

Hlutverk

Efnamóttökunnar hf.

Hlutverk Efnamóttökunnar hf, er að taka við spilliefnum og öðrum úrgangi frá einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum og sjá um að koma þeim í endurvinnslu / endurnýtingu eða eyða þeim á faglegan og öruggan hátt fyrir umhverfið.

Efnamóttakan hf. er í samvinnu við örugga og trausta aðila um endurvinnslu /endurnýtingu eða eyðingu efna bæði hér innanlands og erlendis.

Tímabilið yfir grænt bókhald

Grænt bókhald hefur sama tímabil og bókhaldsárið, frá 1. janúar ár hvert og 31. desember sama ár.

Umhverfisstefna

Stjórn Efnamóttökunnar hf., hefur samþykkt umhverfisstefnu til að skýra áherslur fyrirtækisins í umhverfismálum.

Eftirfarandi stefnumarkmið eru höfð að leiðarljósi við alla vinnu í fyrirtækinu.

- Að öll aðstaða fyrirtækisins þ.m.t. byggingar og önnur mannvirki á lóð, lóðafrágangur, frárennsli og ræktun lóðar sé til fyrirmyndar.
- Að öll vinnuaðstaða starfsmanna sé til þess fallin að starfsmönnum líði sem best við störf hjá fyrirtækinu.
- Að með vali á rekstrarvörum og við tækjakaup sé haft að leiðarljósi að lágmarka úrgang og mengun.

- Að fylgjast með þróun í umhverfismálum, innleiða nýjar aðferðir og vinna stöðugt að umbótum í umhverfisstjórnun.
- Að efla umhverfisvitund starfsmanna og hvetja til þátttöku.
- Að nota hreina orkugjafa þar sem þess er kostur.
- Að lögð verði áhersla á að minnka pappírnotkun í rekstri fyrirtækisins og flokka og endurvinna þann pappír sem til fellur og nota endurunnar vörur sé þess kostur.
- Að finna hagkvæmar lausnir á þeim viðfangsefnum sem fyrirtækið tekst á við á hverjum degi og gæta þess að þær séu í fullri sátt við náttúru landsins og samkvæmt þeim lögum og reglugerðum sem í gildi eru á hverjum tíma.

Umhverfismál

Efnamóttökunnar hf.

Reykingar

Reykingar eru stranglega bannaðar á vinnusvæði fyrirtækisins.

Lágmörkun á lagerhaldi

Leitast er við að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum með því að lágmarka lagerhald þ.e.a.s efnum er komið eins fljótt og auðið er í viðeigandi farveg hvort sem er í endurvinnslu/ endurnýtingu eða eyðingu.

Lokað frárennsliskerfi

Frárennsli frá fyrirtækisins er í lokuðu frárennsliskerfi.

Safnþró fyrir affall af gólfi í húsi

Safnþró fyrir affall af gólfi í húsi er 5m³ að stærð og í henni er 1000 lítra ker.

Ef efni hellist niður sem getur haft skaðleg umhverfisáhrif þá er dælt upp úr þrónni og efninu komið fyrir í tunnum og komið í réttan farveg til eyðingar.

Safnþró fyrir affall af útiplani

Safnþró fyrir affall af útiplani er 2 x 10m³ að stærð og tekur hún við því sem rennur af vinnuplani úti.

Ef efni hellist niður sem getur haft skaðleg umhverfisáhrif þá er dælt upp úr þrónni og efninu komið fyrir í tunnum og komið í réttan farveg til eyðingar.

Rotþró fyrir frárennsli frá snyrtingu

Ef óhapp verður sem veldur flóði og kemst í efni sem hafa skaðleg umhverfisáhrif þá er dælt upp úr þrónni og efninu komið fyrir í tunnum og komið í réttan farveg til eyðingar.

Staðsetning efna og geymsla

Á vinnusvæðinu er leitast við að fylgja eftir IMO- og ADR- reglum varðandi uppröðun efna.

Eftirlit og sýnataka

Reglulega eru tekin vökvásýni úr safnþró sem send eru á rannsóknastofu til efnagreiningar til að kanna hvort innihald skaðlegra efna sé yfir leyfilegum mörkum.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur með höndum reglubundið mengunarvarnaeftirlit með starfseminni og fer meðal annars yfir niðurstöður framangreindra mælinga.

Niðurstöður mælinga á árinu reyndust vera í lagi.

Breytur um auðlindanotkun í grænu bókhaldi

Breyta	Eining	2008	2007	2006
Rafmagn	kWh	107.689	118.555	183.422
Heitt vatn	m ³	9.863	13.941	14.448
Bensín	l	2.860	1.478	2.731
Metangas	l	7.819	7.124	10.735
Gasolía	l	6.703	4.042	3.845
Steinolía	l		72	
Pl./rafgeyma	m	250	750	500
Brettah./rafg	stk		220	80
Brettafilma	m	12.600	7.200	

Breyta	Eining	2005	2004	2003
Rafmagn	kWh	190.265	197.665	194.647
Heitt vatn	m ³	11.098	9.156	8.723
Bensín	l	2.592	523	946
Metangas	l	7.887	4.309	3.995
Gasolía	l	3.489		
Pl./rafgeyma	m	475	300	
Brettah./rafg	m		120	500

Breytingar á milli ára skýrast aðallega af eftirfarandi:

Rafmagnsnotkun minnkar vegna þess að tveir díselknúnir lyftarar hafa verið teknir í notkun í stað tveggja sem knúnir voru rafmagn. Af sömu ástæðu eykst díselnotkun en aðra aukningu á notkun hennar má rekja til tímabundins reksturs á fólksbifreið. Samdrátt í notkun á heitu vatni má væntanlega rekja til hýrra árferðis, en stór hluti þeirrar notkunar liggur í upphitun á plani að vetri til. Aukna bensínnotkun má að öllum líkindum rekja til bilunar á flutningsbifreið sem knúin er bæði metangasi og bensín en hennar varð ekki vart fyrr en á þessu ári. Plast er notað sem fyrr fyrir rafgeymakör í samræmi við, vegna ákvæði í starfleyfi og þykir rétt að greina frá notkun þess. Brettafilma er notuð til að setja utan um farma sem farið er með í eyðingarfarveg þegar verið er að flytja þá á milli staða.

Kvartanir:

- Sjónmengun
- Hávaði
- Lykt
- Fok

Á árinu komu ekki fram neinar kvartanir og ekki urðu nein vinnuslys.

Magntölur sem fram koma í grænu bókhaldi eru unnar upp úr reikningum frá birgjum.



Lokaorð

Vernd umhverfis og náttúru er eðli málsins samofin starfsemi Efnamóttökunnar, enda kjarnastarfsemi fyrirtækisins að safna og koma í réttan farveg spilliefnum.

„Spillum ekki framtíðinni“ er kjörorð fyrirtækisins og því er það metnaðarmál að vera í fararbroddi á sviði umhverfismála, að sinna okkar verkefnum eins og best verður á kosið og þróa starfsemina áfram í góðri sátt við yfirvöld og viðskiptavinum, liður í því er að bæta smá saman skýrslugerð sem þessa. Þess má sjá fáein merki í þessari skýrslu og stefnt er að því að gera enn betur á komandi árum.



 **Efnamóttakan hf**
Spillum ekki framtíðinni